



Kirkjubæjarklaustri, 28. janúar 2024.
Málsnr. 2401017

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7B
105 Reykjavík

Efni: Færsla hringvegjar um Mýrdal.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps, samþykkti samhljóða, eftirfarandi umsögn vegna færslu hringvegjar um Mýrdal:

Langar vegalengdir og einsleitt samgöngukerfi einkenna aðstæður þeirra íbúa sem byggja suðaustur hluta landsins. Lengst af var hér í Skaftafellssýslum um að ræða einn einangraðasta hluta landsins þar sem fjölmörg stórfjót takmörkuðu verulega langferðir og hafnlaus suðurströndin bauð hvorki upp á samgöngur né flutninga um sjóleiðina nema í afar takmörkuðum mæli. Til eru fjölmargar sagnir frá fyrri tíð af afar tvísýnum ferðalögum þar sem oft var teft á tæpasta vað.

Segja má að opnun hringvegjarins árið 1974 hafi rofið þessa einangrun og í framhaldinu hófst tímabil mikilla samfélagslegra breytinga með uppbyggingu ferðapjónustunnar, sem vart sér fyrir endann á. Þjóðvegur 1, sjálfur hringvegurinn um Ísland, eina samgönguleiðin hér um suðaustanvert landið leikur þar aðalhlutverkið, en um hann fara þúsundir ferðamanna dag hvern auk annarrar hefðbundinnar umferðar.

Það veldur því sveitarstjórn Skaftárhrepps afar miklum vonbrigðum að sjá leiðarval Vegagerðarinnar, valkost 4/4b, í umhverfismatsskýrslu vegna færslu hringvegjar í Mýrdal. Þar sem lagt er til að þjóðvegurinn færist norður fyrir Víkurþorp og þar með gerð framlenging á þeim erfiða kafla sem vegurinn frá Gatnabrún og til Víkur er.

Einnig er vert að benda á að leiðarval Vegagerðarinnar er ekki í takti við þau markmið sem sett voru fram í matsáætlun vegna framkvæmdarinnar sem kom út árið 2021. Þar sem kom fram að stefnan væri að nýr vegur yrði greiðfær og öruggur láglendisvegur. Samkvæmt umhverfismatsskýrslunni er unnið áfram eftir sömu markmiðum og því verður það að teljast vonbrigði að Vegagerðin hafi komist að þessari niðurstöðu við leiðarval.



Að framansögðu er það mat sveitarstjórnar Skaftárhrepps að greiðar og góðar samgöngur í Mýrdal skipti íbúa og atvinnulíf í Skaftárhreppi afar miklu máli og raunar er það þær varða almannahag. Sveitarstjórn Skaftárhrepps telur því eðlilegt og jafnframt afar mikilvægt að öruggasti og greiðfærasti kosturinn verði valinn.

Því skorar sveitarstjórn Skaftárhrepps á Vegagerðina að vinna eftir sínum eigin markmiðum um greiðan og öruggan láglendisveg, sem er samkvæmt umhverfismatsskýrslunni nýr láglendisvegur um Mýrdal með jarðgöngum í gegnum Reynisfjall.

Þessi afgreiðsla sveitarstjórnar tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
fyrir hönd sveitarstjórnar Skaftárhrepps,

Einar Kristján Jónsson,
sveitarstjóri

